



FYLGDU OKKUR Á



FRÉTTABRÉF SSNE

MAÍ 2022

FRÁBÆR FIÐRINGUR!

Nú er Fiðringur á Norðurlandi 2022 um garð genginn og mikið voru krakkarnir flottir! Fiðringur 2022 og undirbúningur fyrir Fiðring 2023 var eitt af áhersluverkefnum SSNE þar sem barnamenning; frumkvæði, samstarf og sköpunarkraftur krakkana er leiðarljós og lykilatriði.

Verkefnið var tvíþætt, annars vegar að halda hæfileikakeppni með 8 þátttökuskólum í ár og skapa þar með svigrúm til að læra af reynslunni og hinsvegar að undirbúa næsta ár með þátttökumöguleikum allra grunnskóla á starfssvæði SSNE, í takt við sóknaráætlunina. Úr skála Alþingis á Degi barnsins barst sú gleðifregn að Fiðringur var eitt þeirra 34 verkefna sem hlaut styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands. Við óskum fólkinu á bakvið Fiðring sem og þátttakendum, innilega til hamingju með árangurinn.

Það verður spennandi að sjá hvaða skólar taka þátt að ári! Hugmyndasmiðir og framkvæmdaaðilar Fiðrings eru stórhuga og stefnt er að Fiðringi frá Borðeyri til Bakkafljarðar.

Um fjöllun Rúv um Fiðringinn 2022



María Pálsdóttir og Hera Jónsdóttir verkefnastýrir Fiðrings 2022

Mynd: Sindri Swan

ÁTTI EKKI AÐ DREIFA FERÐAMÖNNUM UM LANDIÐ?

Af 584 m.kr. úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða komu einungis 2,5% í hlut uppbyggingar á Norðurlandi eystra.


Af 22 umsóknum hlutu einungis 2 verkefni styrk en þeir fjármunir fara í uppbyggingu salernisaðstöðu við fyrirhugaða kirkjubyggingu í Grímsey annars vegar og í að færa og stækka rotþró við salernin í Drekgili hins vegar. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda og annarra hagaðila um að dreifa ferðamönnum um landið speglast hún ekki í þessari úthlutun ráðherra ferðamála.

Af heimasíðu Ferðamálastofu sem fer með vörslu sjóðsins kemur fram að markmið og hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærar standa í íslensku atvinnulífi.

Það er jafnframt markmið sjóðsins að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

EKKI er nema ár síðan hávær gagnrýni var sett fram á nýja heildstæða nálgun áfangastaðastjórnunar sem fékk heitið Vörður þar sem fjórir staðir voru valdir til sérstakrar markaðssetningar til íslenskra og erlendra ferðamanna en áfangastaðirnir voru Gullfoss, Geysir, Þingvallabjörggarður og Jökulsárlón. Allt eru það staðir á Suðurlandi sem nú þegar hafa verið vel kynntir í fjölda ára. Áform voru um að verja til þess 300 milljónum árið 2021 en úthlutunin var tilkynnt í apríl 2021.

Nú þegar millilandaflug um Akureyrarflugvöll er hafið á ný og ferðamannastraumurinn liggur norður og austur um landið er gríðarlega mikilvægt að byggja upp innviði og áfangastaði á svæðinu til að geta veitt viðunandi þjónustu. Það verður seint gert með þessari forgangs röðun fjármuna.



Mynd af kortasjá Ferðamálastofu

NORÐANÁTTIN

Það hafa sterkir vindar blásið um Norðanáttina síðustu vikur, samstarfsverkefni sem styður við nýsköpun með áherslu á loftlagsmál og hringrásarhagkerfið.

Umhverfisráðuneytið setur loksins fjármagn í sóknaráætlanir landshlutanna

Fyrr í mánuðinum var undirrituð samstarfsfyrirlýsing milli SSNE, SSVN, Eims og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins. Um er að ræða stuðning í gegnum sóknaráætlanir landshlutanna. Þetta er í fyrsta sinn sem umhverfisráðuneytið veitir fjármagn inn í sóknaráætlanir landshlutanna með þessum hætti en þrýstingur á ráðuneytið hefur aukist ár frá ári í takt við aukna áherslu á umhverfismál um land allt. Ráðuneytið mun styrkja verkefnið um 20 milljónir króna en nánari upplýsingar um þessa samstarfsfyrirlýsingu má finna [hér](#).

Norðansprotinn

Þrettán áhugaverðar og fjölbreyttar umsóknir bárust í hugmyndasamkeppnina Norðansprotann sem er upphaf nýrrar hringrásar nýsköpunarstarfs hjá Norðanátt og voru sex teymi valin af dómnefnd til að kynna verkefni sín á lokaviðburðinum sem fór fram í Háskólanum á Akureyri. Viðburðurinn var einnig í streymi og er hægt að nálgast upptöku hér. María Dís Ólafsdóttir lífverkfræðingur og framkvæmdastjóri AMC ehf bar sigur úr þýtum með nýsköpunarverkefnið Roðleður og hlaut titilinn Norðansprotinn 2022 ásamt 500.000 kr. í verðlaunafé. Með henni í teymi er Leonard Jóhannsson.

Samþætting og samstarf við háskóla

Háskólinn á Akureyri er nýr samstarfsaðili Norðanáttarinnar sem heldur áfram að sækja í sig veðrið en nýverið var samstarfsfyrirlýsingin undirrituð. Þá var einnig undirrituð viljayfirlýsing við Háskólann á Hólum fyrr í þessum mánuði um samstarf og samvinnu með það að markmiði að skapa öflugt vistkerfi nýsköpunar á svæðinu.

Það er óhætt að segja að það gustar af samstarfsaðilum Norðanáttarinnar sem hafa sannarlega skapað frumkvöðlum og nýsköpunarumhverfinu öllu nýjan farveg og beinni braut. Næsti viðburður í hringrás Norðanáttar verður viðskiptahraðallinn Vaxtarrými sem fer fram haustið 2022. Fylgist með á [Facebook](#) og öðrum miðlum SSNE þegar við auglýsum eftir þátttakendum.



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra ásamt fulltrúum frá SSNE, SSVN og Eimi



Eyjólfur Guðmundsson rektor HA ásamt umsækjendum í Norðansprotann 2022

FULLTRÚI SSNE Í LOFTLAGSRÁÐI



Frekari upplýsingar
má finna [hér](#)

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur tilnefnt Smára Jónas Lúðvíksson verkefnastjóra umhverfismála hjá SSNE til setu í Loftlagsráði.

Loftlagsráð hefur það meginverkefni að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftlagsmálum. Loftlagsráð er þannig vettvangur hagaðila að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri til stjórnvalda. Ráðið nýtist einnig vel sem samræðuvettvangur fyrir fulltrúa ólíkra sjónarmiða til að fjalla um um mismunandi leiðir til að takast á við þau loftslagstengdu úrlausnarefni sem við stöndum frammi fyrir.

Smári tekur sæti annars tveggja fulltrúa Sambands Íslenskra sveitarfélaga og tekur sæti Sveins Margeirssonar, fráfaramandi sveitarstjóra Skútustaðahrepps. Aðrir fulltrúar og varafulltrúar í ráðinu koma frá ASÍ, Festu, Bændasamtökum Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum atvinnulífsins, umhverfissamtökum og háskólasamfélaginu.

STEM FRÆÐSLUNET Á HÚSAVÍK

Eitt þeirra verkefna sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2022 er STEM Húsavík, þróunarverkefni um innleiðingu á svæðisbundnu og samfélagsmiðuðu STEM fræðsluneti.

STEM er þekkt ensk skammstöfun sem stendur fyrir vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði (e. science, technology, engineering and mathematics). Skammstöfunin vísar til hvaða námsgreina sem falla undir þessar fjórar greinar og varð til í umræðu um skort á hæfum útskriftarnemum til starfa í hátæknistörfum.

Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum á fundi í Þekkingarsetri Þingeyinga 17. maí sl. Markmið verkefnisins er að koma á fót samfélagsmiðuðu STEM fræðsluneti á Húsavík, fyrsta slíku á Íslandi. Netinu er m.a. ætlað að hvetja til samstarfs ólíkra aðila í tengslum við STEM fræðslu; allt frá einstaklingum til menningarstofnana og fyrirtækja.

Forsvarsmaður verkefnisins er Huld Hafliðadóttir, verkefnisstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga, sem hefur víðtæka reynslu af verkefnastjórnun og samfélagslegri nálgun. Árið 2014 tók Huld á vegum Hvalasafnsins á Húsavík þátt í International Visitor Leadership Program um hvalaskoðun og náttúruvernd. Hún heimsótti þá m.a. Cape Cod í Massachusetts þar sem hún upplifði ýmsar hliðstæður og samsvörun við Húsavík.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

STEM Húsavík er hýst hjá Þekkingarneti Þingeyinga, miðstöð símenntunar, háskólanámsþjónustu og rannsókna, sem lengi hefur starfað samhliða Náttúrustofu Norðausturlands og Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík sem sérhæfir sig í rannsóknum á sjávarspendýrum.

STEM Húsavík mun einnig tengjast STEM svæðisnetinu á Cape Cod þegar fram líða stundir og verður áhugavert að fylgjast áfram með framvindu þessa verkefnis.

SÍÐASTA SÍLDARTUNNAN ER KOMIN HEIM



Frá afhendingu síldartunnunnar á Siglufirði

Táknræn og gleðileg stund í sögu viðskiptalífs og menningarsambands Noregs og Íslands var á Siglufirði 31. maí en þá var síðasta síldartunnan afhent Síldarminjasafni Íslands, um það bil 40 árum á eftir áætlun – eða mögulega akkúrat á áætlun. Tunnan hefur í raun tengt fólk saman, kallað á samskipti og samveru, nú og minnt á hversu ríkar þjóðirnar eru af samstarfi og sameiginlegri sögu. Stundin á Síldarminjasafninu var stórskemmtileg og veitti skemmtilega innsýn í síldarævintýrið, líkt og myndinar bera merki um.

Sendinefnd tunnunnar voru Petter Jonny Rivedal sem fann tunnuna og bjargaði, eiginkona hans Nina Kilen Rivedal og dóttir þeirra Thea Marie Rivedal en saman hafa þau gætt tunnunnar í tæp 40 ár og því viðeigandi að þau fylgdu henni síðasta spölin. Þess má gjarnan geta hér að Petter Jonny hefur séð um styttna af Ingólfi Arnarsyni í Rivedal og er mikill Íslandsvinur. Það var því skemmtileg tilviljun að hann var sá sem fann tunnuna.

Þá er sendinefndin ekki upptalin, heldur fóru sendiherra Noregs á Íslandi, Aud Lise Norheim og sendiherra Íslands í Noregi, Ingibjörg Davíðsdóttir fremstar í flokki góðs fólks. Starfsfólk SSNE og Markaðsstofu Norðurlands fengu tækifæri til að veita hópnum innsýn í þá grósku frumkvöðla á Tröllaskaga er vinna með einhvers konar endurnýtingu að leiðarljósi. Frumkvöðlarnir opnuðu sínar dyr og eiga bestu þakkir fyrir gestrisni – sendinefnd tunnunnar fór heldur betur ríkari frá Tröllaskaga eftir 24 klukkustunda heimasókn. Tusen tusen takk!

Lesið má meira um ferðina inn [á heimasíðu SSNE](#).




KONUR SÆKJA Á Í SAMEINUÐUM SVEITARFÉLÖGUM

Eftir kosningarnar 2018 voru konur 40% kjörinna aðal- og varafulltrúa í sveitarstjórn Skútustaðahrepps og 38% í Þingeyjarsveit. Eftir kosningar í vor hefur hlutfall kvenna í sameinuðu sveitarfélagi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps aukist í 48% kjörinna aðal- og varafulltrúa. Sama þróun er uppi á teningnum í sameinuðu sveitarfélagi Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, en á líðandi kjörtímabili voru konur einungis 28% aðal- og varafulltrúa í Langanesbyggð og 44% í Svalbarðshreppi. Eftir kosningarnar í maí í ár ná konur meirihluta aðal- og varafulltrúa í nýrri sveitarstjórn með 57% kjörinna fulltrúa.

Sé lítið til allra sveitarfélaga á starfssvæði SSNE þá er hlutfall karla og kvenna sem kjörinna aðal- og varafulltrúa hnífjafnt en var 54% karlar 46% konur eftir kosningarnar 2018.

Kynjaskipting aðal- og varafulltrúa sveitarstjórna á starfssvæði SSNE kosningar 2018 og 2022



BANDARÍSKA SENDIRÁÐIÐ HEIMSÓTTI AKUREYRI

SSNE tók á móti Chargé d'Affaires Michelle Yerkín ásamt fríðu föruneyti frá bandaríska sendiráðinu í opinberri heimsókn þeirra til Akureyrar.

Til umræðu var hvernig auka megi viðskipti milli þjóðanna, siglingaleiðir um norðurslóðir voru ræddar ásamt orkumálum og þá sérstaklega vindorku.

Á myndinni er Eyþór framkvæmdastjóri SSNE ásamt gestunum frá sendiráðinu.



TENGLI VIÐ GRÆNLAND STYRK



Eyþór og Elva, SSNE ásamt Tove S. Gant og Birtu Jóhannesdóttur

11. maí tók SSNE á móti fulltrúa Grænlands á Íslandi, Tove Søndal Gant ásamt Birtu Jóhannesdóttur, ritara á sendiskrifstofu Grænlands á Íslandi. Tilgangur heimsóknarinnar var að styrkja tengsl Grænlands og Norðurlands eystra. Tengsl Akureyrar við Grænland eiga sér langa sögu í gegnum Norlandair og Sjúkrahúsið á Akureyri en báðir aðilar hafa þjónustað austurströndina í áratugi.

Til umræðu var sérstaklega fjarkennsla og þá kynnti SSNE Skóla í skjýjunum og einnig Heilbrigðis- og velferðartækniklasa Norðurlands. Bæði þessi verkefni eiga vel við í hinum dreifðu byggðum norðurslóða og bjóða vel uppá að deila reynslu og þekkingu milli landa.

FLUTNINGAR FRAMUNDAN Á HÚSAVÍK



Fyrir skömmu undirrituðu Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE og Óli Halldórsson, forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga samning vegna leigu SSNE á húsnæði að Hafnarstétt 1-3 á Húsavík.

Um nokkurt skeið hefur það verið til skoðunar að SSNE flytjist í húsnæði með Þekkingarneti Þingeyinga ásamt fleiri aðilum sem koma að nýsköpun, frumkvöðla- og þekkingarstarfi. Var það samtal hafið og í gangi hjá Atvinnuþróunarfélaga Þingeyinga þegar SSNE tók við því eftir sameiningu félaganna. Þekkingarnet Þingeyinga hefur byggt upp nýsköpunarmiðstöð þar sem aðilar í nýsköpun og frumkvöðlastarfi koma saman ásamt aðilum í þekkingargeiranum.

Fjöldmörg tækifæri felast í því að flétta starfsemi SSNE á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar, umhverfismála og menningar, inn í það umhverfi. Það er þekkt að þar sem ólíkir aðilar, sem vinna að sambærilegum verkefnum koma saman og leggja saman krafta sína, þar getur skapast umhverfi sem margfaldar sköpunarkraft og hugmyndauðgi, eykur slagkraft og býr til vettvang þar sem verkefni vaxa og dafna. Þarna eru mjög áhugaverðir hlutir að gerast og við hlökkum mikið til að flytja inn í húsnæðið og verða hluti af þessum spennandi suðupotti sem þar er að verða til.

STYRKIR OG FJÁRMÖGNUN VERKEFNA

Opið fyrir umsóknir í Rannsóknarsjóð Rannís til 15.júní

Fyrir hverja?

Vísindafólk og nemendur í rannsóknatengdu námi við íslenska háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Til hvers?

Veittur er styrkur til skilgreindra rannsóknaverkefna vísindafólks og rannsóknanema í grunnrannsóknunum og hagnýtum rannsóknum.



Viðburðadagatal SSNE

Bóka viðtal hjá ráðgjafa

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRK?

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og **bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.**

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

SJÁ NÁNAR

9 M.KR. ÚR SJÓÐI ATVINNUMÁLA KVENNA

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, hefur úthlutað styrkjum til atvinnumála kvenna og fengu 42 verkefni styrki af þeim 179 umsóknum sem bárust. Alls voru 40.000.000 kr. til úthlutunar að þessu sinni. Styrkjum til atvinnumála kvenna hefur verið úthlutað frá árinu 1991 og eru þeir ætlaðir frumkvöðlakonum eða fyrirtækjum í þeirra eigu. Skilyrði styrkveitinga eru þau að verkefni séu í meirihlutaeigu kvenna, stjórnað af þeim og feli í sér nýnæmi eða nýsköpun af einhverju tagi. Ekki er nauðsynlegt að vera með starfandi fyrirtæki til að sækja um styrk og því er heimilt að sækja um vegna verkefna á byrjunarstigi en einnig geta þær konur sótt um styrk sem eru að þróa nýjungar í starfandi fyrirtækjum. Unnt er að sækja um styrki vegna vinnu við gerð viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar, vörupróunar, hönnunar og vegna launakostnaðar en ekki eru veittir styrkir til framkvæmda eða vegna stofnkostnaðar.

Norðurland eystra má aldeilis vel við una en 8 styrkir af 42 voru til verkefna á okkar svæði:



- Bakkasystur í Langanesbyggð fengu 1.500.000 kr. fyrir verkefnið „Kvennaafli – markaðsþjónusta í brothættir byggð“
- Elsa Guðrún Jónsdóttir í Fjallabyggð fékk 900.000 kr. fyrir hönnun á frumgerð fyrir „Fjarðargufuna“
- Huld Hafliðadóttir í Norðurþingi fékk 600.000 kr. fyrir gerð viðskiptaáætlunar fyrir „Friðarhofið“
- Kristín S. Gunnarsdóttir í Norðurþingi fékk 600.000 kr. fyrir gerð viðskiptaáætlunar fyrir „Garðull“
- MýSilica ehf. í Skútustaðahreppi fékk 1.750.000 kr. fyrir þróun á formúlu húðvara
- Ólína I. Jóhannesdóttir í Langanesbyggð fékk 1.500.000 kr. fyrir markaðsetningu og vörupróun „Akur Organic ehf“
- Sigríður Jóhannesdóttir í Langanesbyggð fékk 637.500 kr. fyrir vörupróun fyrir „Handverk og hnossæti úr heimahögum“
- Ylur ræktun í Norðurþingi fékk 1.600.000 kr. upp í þróunarkostnað fyrir „Hátæknigróðurhús á Norðurlandi“

Lista yfir öll verkefni sem hlutu styrk má finna [hér](#).

20,5 M.KR. TIL FJARVINNUSTÖÐVA

Innviðaráðherra úthlutaði nýverið 35 m.kr. til fjarvinnustöðva á grundvelli aðgerðar B.8 í stefnumótandi byggðaaætlun með það markmið að koma opinberum gögnum á stafrænt form og fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. 6 umsóknir bárust og hlutu 4 verkefni styrk en tvö af þeim eru á Norðurlandi eystra.


Skráning sóknarmannatala

Þjóðskjalasafn Íslands hlaut styrk upp á rúmlega 16,5 .kr. fyrir árin 2022 - 2023 en ráða á tvö störf á Bakkafirði og Raufarhöfn. Þar skal koma opinberum gögnum á stafrænt form og gera þau aðgengileg fyrir almenning. Um er að ræða innslátt sóknarmannatala sem varðveitt eru í frumritum Þjóðskjalasafns í leitarbæran gagnagrunn. Sóknarmannatölur eru frumheimildir um líf og störf Íslendinga frá 18.-20. öld.

Skráning í Sarp

Þjóðminjasafn Íslands hlaut 4 m.kr. styrk fyrir árið 2022 vegna fjarvinnsluverkefnis sem unnið verður við Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík. Verkefnið felst í að tengja og nýskrá upplýsingar um ljósmyndir sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni í menningarsögulega gagnasafnið Sarp og gera ljósmyndirnar aðgengilegar almenningi. Um er að ræða 14 þúsund ljósmyndir og tilheyrandi lýsigögn.

Það er eitt af yfirlýstum markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra að auka hlutdeild landshlutans í úthlutunum opinberra styrkja. SSNE því unnið ötullega að umsóknum, styrkumsóknaaðstoð og upplýsingagjöf vegna slíkra styrkja og styrkveitinga og samgöngum öllum þeim sem hafa erindi sem erfiði. Nánari upplýsingar um öll verkefni er að finna [hér](#)



Ágrip frá framkvæmdastjóra

Eins og fram hefur komið er ég nú að láta af störfum hjá SSNE. Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að fást við þetta starf, lærdómsríkt og gefandi. Ég hef kynnst fjölmörgum einstaklingum í gegnum starfið, í atvinnulífinu, menningu, umhverfismálum og nýsköpun. Og ekki má gleyma því frábæra fólki sem tekst á við krefjandi störf á sveitarstjórnarstiginu. Samskipti hafa verið góð og opinská þannig að hvergi ber skugga á.

Ég hóf störf hjá SSNE í lok janúar 2020, fyrst í hlutastarfi þar sem ég hafði enn skyldum að gegna á fyrri vinnustað, en kom svo í fullt starf í byrjun mars það ár. Það voru ærin verkefni sem biðu mín, sum hver flókin og önnur jafnvel bísna krefjandi. Sameining félaganna þriggja, Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga gekk samt vonum fram og SSNE byggðist upp hratt og vel. Ég vil þakka stjórn SSNE fyrir frábært samstarf og góðan stuðning en hann hefur verið ómetanlegur. Það er ekki á neinn hallað þótt ég nefni stjórnarformanninn, Hildu Jönu, sérstaklega í því sambandi.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólkinu mínu fyrir frábært samstarf, bæði núverandi starfsfólki og einnig þeim sem hætt eru en lögðu okkur lið í upphafi. Saman hefur okkur tekist að byggja upp öflug landshlutasamtök, vinnustað sem byggir á dugnaði, þrautseigju og útsjónarsemi. Starfsandinn einkennist af samheldni, heiðarlegum samskiptum en fyrst og fremst gleði.

Ég er afskaplega þakklátur fyrir það að mér var treyst fyrir því mikilvæga verkefni að leiða samtökin í gegnum þessar breytingar og koma þeim á legg. Ég stíg stoltur upp úr stól framkvæmdastjóra vitandi það að SSNE er komið á flug og er í góðum höndum þessa frábæra starfsfólks sem þar vinnur.

Með kærri kveðju,
Eyþór Björnsson



FYLGDU OKKUR -



Vinsamlegast notið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi. [Tenglaupplýsingar má finna hér.](#)
[Upplýsingar um starfsstöðvar og viðverutíma starfsmanna má finna hér](#)